

## REGLUGERÐ

### um (11.) breytingu á reglugerð nr. 258/2012 um rækjuveiðar innfjarða.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi eru heimilar frá gildistöku reglugerðar þessarar og til og með 1. júní 2015.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. maí 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Hinrik Greipsson.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Jónsdóttir.*